

Nd.

530. Frumvarp til laga

[165. mál]

um stjórn og starfrækslu póst- og símamála.

(Eftir 3. umr. í Ed., 25. apríl.)

Samhljóða þskj. 324 með þessum breytingum.

4. gr. hljóðar svo:

Forseti Íslands skipar póst- og símamálastjóra, sem veitir póst- og símamála-
stofnun forstöðu.

Samgönguráðherra skipar annað starfsfólk stofnunarinnar, að fenguum tillögum
póst- og símamálastjóra og starfsmannaráðs póst- og símamálastofnunar, sbr. 10. gr.
Ráðherra getur þó falið póst- og símamálastjóra að auglýsa lausar stöður og ganga
frá skipunarbréfum í stöður hjá póst- og símamálastofnun.

6. gr. hljóðar svo:

Aðaldeildir vinna að stefnumörkun í störfum stofnunarinnar, áætlanagerð, eftir-
liti, almennum fyrirmælum og öðrum heildarstefnumálum, sem varða stofnunina.
Helstu verkefni hvernar aðaldeildar eru m. a. sem hér segir:

1. **Fjármáladeild;** fjárhagsáætlanir stofnunarinnar, þ. m. t. allar almennar áætl-
anir vegna reksturs og framkvæmda, reikningshald stofnunarinnar og aðalhökkhald,
fjárreiður og gerð greiðsluáætlana, endurskoðun undir yfirumsjón ríkisendurskoð-
unar, rekstraryfirlit, hagkvæmnisútreikningar, innkaup, aðalbirgðavarsla og gjald-
skrármál.

2. **Tæknideild;** tæknileg áætlanagerð varðandi síma og önnur fjarskiptamál,
uppsetningu á sjálfvirkum stöðvum, sambandabúnaður, radiósambönd stofnunarinnar,
radióeftirlit, tíðnieftirlit, fjölþjóðasamskipti um síma- og fjarskiptamál.

3. **Umsýsludeild;** skipulags- og hagræðingarmál, starfsmannamál, fræðslumál
stofnunarinnar, bygging og umsýsla fasteigna og almenn þjónustumál innan stofn-
unar, skipulag skjalasafna og umsjón mótuneyta.

4. **Viðskiptadeild;** mál sem lúta að þjónustu stofnunarinnar við notendur al-
mennt, bæði að því er varðar póstmál og símamál, skipulag póst- og símaþjónustu,
póstþjónustu og póstdreifingar, póstgíró, umferðarmáladeild, frimerkjaútgáfa og
varsla, símaskrá, almannatengsl og upplýsingaþjónusta, útgáfa reglna og fyrirmæla
um framkvæmd póst- og símaþjónustu og eftirlit með því, að þeim sé fylgt, kvart-
anir og skaðabótamál. Nánar skal kveðið á um starfsemi aðaldeilda í reglugerð,
sem ráðherra setur.

8. gr. hljóðar svo:

Póst- og símamálastjóri skal eigi sjaldnar en ársfjórðungslega kalla saman fund
með framkvæmdastjórum aðaldeilda og umdæmisstjórum stofnunarinnar. Á þeim
fundum skal póst- og símamálastjóri leggja fram reksturs- og framkvæmdaáætlanir
sbr. 9. gr. til umræðu, ásamt öðrum þeim málum, sem á dagskrá eru hverju sinni

og skulu þar rædd meginstefnumál og verkefni stofnunarinnar. Ár hvert skal a. m. k. einn þessara funda vera sameiginlegur með starfsmannaráði póst- og símamála-
stofnunar, sbr. 10. gr.

11. gr.

Ráðherra ákveður í gjaldskrá gjöld þau, sem greiða ber póst- og símamála-
stofnun fyrir þjónustu þá, sem hún veitir, þ. á m. fyrir póstgíró og uppsetningu,
leigu og viðhald hvers konar fjarskiptatækja.

Stefnt verði að því við gjaldskrárgerð, að sömu gjöld gildi innan hvers svæðis-
númers, og skal ákveðið í reglugerð, hvenær framkvæmd þessa ákvæðis kemst á.

Ráðherra er heimilt að ákveða, að sama gjald skuli krafðið fyrir símtal við
helstu stjórnarsýslustofnanir ríkisins í Reykjavík, hvaðan sem talað er af landinu.

Að því skal stefnt, að tekjur samkvæmt gjaldskrá nægi til að rekstrarjöfnuður
náist, miðað við að rekstur og fjárfestingar fari eftir meginstefnu 1. mgr. 3. gr. og
fyllsta aðhalds sé gætt.